

Virða verður bingskaparlögin

Guðrún Helgadóttir, forseti Sameinaðs þings, hefur unnið samantekt um fjarvistir þingmanna og innköllun varamanna á síðasta þingi, 110. löggjafarþingi Íslendinga. Þar kemur sitt hvað forvitnilegt í ljós.

I samantektinni segir meðal annars að 44 þingmenn, það er 70% þingmanna, hafi kallað inn varamenn á síðasta þingi. Aðeins 19 þingmenn sátu allt þingið, án forfalla.

Þetta eru mun meiri forföll en á þingum annarra Norðurlanda. Þannig tóku aðeins 15 varamenn sæti á danska þinginu, samkvæmt handbók þess, frá 8. október 1987 til 10. maí 1988.

Alls tóku 42 varamenn sæti á síðasta Alþingi, auk 63 aðalmanna, eða samtals hvorki meira né minna en 105 þingmenn. Að meðaltali sátu 5,6 varamenn á þingi hvern starfsdag þess, samkvæmt samantekt þingforsetans.

Flestir voru varamennirnir um miðjan marzmánuð síðastliðinn, 16 talsins, eða fjórðungur þingheims. Það þætti hátt hlutfall á öðrum vinnustöðum.

Forföll þingmanna eiga sér oftar en ekki eðlilegar skýringar. Flest eru forföll þeirra flokkuð undir „fjarveru erlendis vegna opinberra erinda“ og þar næst veikindi. Af samantekt þingforseta má þó skilja að erfitt sé að flokka allnokkurn hluta fjarvista sem „nauðsynlegar“. Og fjarvera, sem hefur þann einan tilgang, að rýma þingsæti tímabundið fyrir varamann, jafnvel varamann varamanns, samræmist vart þingskaparlögum.

Fréttir af landsfundi Samtaka um kvennalista, sem haldinn var um helgina, gefa í skyn, að Samtökin hyggi á þá starfsreglu að aðalmenn víki af þingi, tímabundið, til þess fyrst og fremst að gefa varamönnum kost á þingsetu. Samkvæmt skilgreiningu þingforseta er meira en haepið að fjarvistir í þeim tilgangi einum saman samræmist bingskaparlögum, svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Þær samræmast heldur engan veginn þeim markmiðum sem þingforsetar stefna að með starfsáætlun þingsins. Með henni er ekki sízt stefnt að því

að minnka fjarvistir aðalmanna. En tíðar fjarvistir aðalmanna, sem fylgzt hafa með undirbúningi og framvindu þingmála, eru ekki til þess fallnar að treysta starfshæfni þingsins.

Samantekt þingforseta um fjarvistir þingmanna og þingsetu varamanna leiðir meðal annars í ljós að þörf er virkara aðhalðs að þessu leyti. Sama má reyndar segja um áform Samtaka um kvennalista, að því er varðar þingsetu varamanna, ef marka má fréttir af landsfundi þeirra.

Það er að vísu ekkert við því að segja að varamenn taki sæti á þingi þegar aðstæður krefjast og þingskaparlög heimila. Það er á sinn hátt af hinu góða að varamenn hljóti þá starfskynningu sem tímabundin þingseta felur í sér. En varast verður að ofgera í þessu efni. Það sýnist gert þegar fjórðungur Alþingis er skipaður varamönnum.

Mergurinn málsins er að sjálfsögðu sá að virða þingskaparlögin í hvívetna.

Morgunblaðið og frystihúsín

Í ágætu samtali Morgunblaðsins við Þorstein Pálsisson, formann Sjálfstæðisflokkssins, sl. sunnudag, segir formaðurinn að Morgunblaðið hafi ekki sömu tilfinningu fyrir atvinnulífinu í landinu og stundum áður. Þessu til staðfestingar nefnir hann frystihúsin og vandkvæði þeirra. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að Morgunblaðið hefur ekki sagt annað um vanda frystihúsanna en ástæða sé til að auka hagkvæmni og bæta rekstur eins og unnt er og þá ekki sízt í því skyni að bæta hag launafólks í landinu og auka þjóðartekjur.

Það getur varla talizt höfuðsynd að hvetja til aukinnar hagkvæmni í rekstri frystihúsa, jafnvel þó það kosti sameiningu á einhverjum stöðum; því eitt er víst að ekki munu núverandi ríkisstjórn og sjóðir hennar leysa vanda frystihúsanna.